

Fundur hverfisráðs Öxarfjarðar

Mætt á fundinn:

Árdís Hrönn Jónsdóttir, Brynjar Þór Vigfússon, Charlotta Englund og Sigríður Þorvaldsdóttir.

Hrafnhildur Brynjólfsson kom inn á fundin kl 18:10

Dagskrá

1. Umsögn um breytta tillögu Aðalskipulags Norðurþings 2010-2030 vegna vatnstöku á Röndinni og tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir fiskeldi á Röndina á Kópaskeri.
2. Kynning á vinnu við endurskoðun aðalskipulags Norðurþings – Hrafnhildur Brynjólfsson, Elfa.

Fundur settur kl: 18

1. Umsögn um breytta tillögu Aðalskipulags Norðurþings 2010-2030 vegna vatnstöku á Röndinni og tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir fiskeldi á Röndina á Kópaskeri.

Ráðið gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi uppdrátt og samþykkir hann eins og hann kemur fyrir í fyrirleggjandi gögnum.

2. Kynning á vinnu við endurskoðun aðalskipulags Norðurþings – Hrafnhildur Brynjólfsson, Elfa.

Hrafnhildur fór í gegn um kynningu á aðalskipulagsvinnunni sem er rétt hafin. Mikilvægt að fá upplýsingar frá heimafólki um staðbundna þróun, hvort skilmálar í aðalskipulagi séu í samræmi við núverandi landnotkun, hvort ný uppbygging/mannvirki séu áformuð og hvort gert sé ráð fyrir þeim í aðalskipulaginu eða hvort uppbyggingin kalli á breytingu, og hvort fyrirsjáanleg séu breytt not á húsnæði sem gæti kallað á breytingu á landnotkun.

Styrkleikar

- Svæði ríkt af auðlindum, bæði náttúru og orku.
- Atvinnumöguleikar góðir og næg vinna þannig séð. Fjölbreytnin mætti vera meir. Helstu atvinnutækifæri eru í tengslum við fiskeldi. Verkavinna og verktakavinna.
- Störfum án staðsetningar fjölgar og fjölgun ríkisstarfa. Jákvæðir straumar þar en betur má ef duga skal.

- Dæmi um störf: Þjóðgarðurinn er með aðstöðu í Ásbyrgi, grunn og leikskóli er í Lundi.
- Kópasker –þar er verið að horfa til að þróa einhversskonar samfélagsmiðstöð í skólanum sem gæti verið t.d. haft rými fyrir störf án staðsetningar. Húsið er í lélegu ásigkomulagi í dag og þarfnast endurbóta. Safn og fleira sem getur komið þar inn.

Aðalskipulag – landnotkun

- Farið var lauslega yfir kortavefsjá með vinnueintaki af skipulagsupprættinum.
- Mikilvægt að fá yfirlstur hverfisráðsins á gildandi skilmálum.
- Nefnt sem dæmi að á einhverjum stöðum gæti verið þörf á að afmarka svæði þar sem landnotkun er í dag sýnd með punkti. Það er gert ef það svæði sem landnotkunin nær yfir er komin upp fyrir ákveðna stærð.
- Skipta þarf svæði sem er nefnt opið svæði til sérstakra nota – upp miðað við núgildandi flokkun á landnotkun.
- Nokkuð svæði er hverfisverndað skóglendi – þar gæti verið ástæða til að skipta upp náttúrlegum skóg og þeim svæðum sem eru skógræktarsvæði.

Umræða:

- Gildandi húsnæðisáætlun tekur ekki til Raufarhafnar og Kópaskers. Það er verið að lagfæra það. Æskilegt að fjalla sérstaklega um þéttbýlisstaðina en það er ekki gert.
 - Umfjöllun í húsnæðisáætlun getur haft áhrif á möguleika til fjármögnunar á byggingu íbúða/endurnýjunar húsa og því er áriðandi að upplýsingar í húsnæðisáætlun séu uppfærðar og nái yfir öll þéttbýli. Lán íbúðarlánasjóðs og HMS lán sækja forsendur í húsnæðisáætlunina.
- Kelduhverfi – nokkuð er um að húsnæði sé nýtt sem orlofshús af eigendum þeirra en um leið eru þau hús ekki nýtt fyrir fasta búsetu sem dregur úr framboði á húsnæði. Sumarhúsin eru vandamál – sem standa auð mestan hluta árs. Erfitt að fá húsnæði í Kelduhverfi.
- Hreyfing er á fasteignamarkaðinum á Kópaskeri. Bitist er um húsnæðið. Verð fasteigna hefur tvöfaldast á stuttum tíma.
- Ekkert verið byggt á Kópaskeri en lengi verið í bígerð. Íbúðarhús – Bríet leigufélag.
- Íbúðarhús hafa verið byggð í dreifbýlinu – ca 10 hús undanfarin fá ár.

Undirritunarsíða

Árdís Hrönn Jónsdóttir

Brynjar Þór Vigfússon

Sigríður Þorvaldsdóttir